

Íslensk hross þurfa vörn gegn útlendu mýbitiúr Rannísblaðinu

2. tbl. 2. árg. 2005

Fylgiblað með Morgunblaðinu 20. október 2005

Íslensk hross í útlöndum stríða mörg við ofnæmiskláða sem veldur því að þau eru ekki nothæf yfir sumarmánuðina. Exemið er ofnæmi gegn prótínnum, svonefndum vökum, sem berast í hross við bit mýflugna af ættkvíslinni *Culicoides* en þessar flugur lifa ekki á Íslandi. Öll hrossakyn geta fengið ofnæmið en það er afar algengt í íslenskum hestum sem fluttir eru úr landi, mun algengara en í íslenskum hestum sem fæddir eru á erlendri grund og alast upp með flugunum. Að sögn Sigurbjargar Þorsteinsdóttur ónæmisfræðings og Vilhjálms Svanssonar dýralæknis fær um helmingur útfluttra hrossa exemið ef þeir eru á flugusvæðum og ekkert er gert til að verja þá. Sum þarf jafnvel að fella vegna þessa

Á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum hafa undanfarin 5 ár farið fram rannsóknir á sumarexemi í hrossum í samstarfi við Háskólann í Bern í Sviss. Markmiðið er að finna og einangra ofnæmisvakana sem valda exeminu og finna aðferðir til að fyrirbyggja og meðhöndla sumarexem.

Þegar hafa verið einangruð tvö gen og prótín þeirra sem eru líklegir ofnæmisvakar. Próttínin voru tjáð í skordýrafrumum og verið er að framleiða og hreinsa þau. Þetta er meistaraverkefni Þórunnar Sóleyjar Björnsdóttur. Verið er að leita að fleiri ofnæmisvökum bæði með skimun á genasöfnum og einangrun á prótínnum. Fer sú vinna fram á Keldum og í Bern

Tilraunalíkan í hestum hefur verið sett upp á Keldum til að bera saman mismunandi bólusetningaleiðir og ónæmisglæða til að stýra ónæmissvari gegn flugupróttínnum frá ofnæmi. Þær tvær tjáningarferjur sem prófaðar voru í hestum reyndust ekki nægilega vel. Í framhaldi af því er verið að endurbæta ferjurnar og prófa ónæmisglæða sem gefið hafa góða raun í fólki, en þetta er meistaraverkefni Guðbjargar Ólafsdóttur.

Til þess að afla upplýsinga um gang sjúkdómsins hefur verið fylgst með rúmlega hundrað hestum sem fluttir voru til Sviss. Ofnæmispróf voru gerð á þeim fyrir útflutning og síðan reglulega í Sviss og fylgst með hvort og hvenær hestarnir fá exem. Einnig hafa verið settar upp aðferðir til að meta ónæmissvarið í útbrotunum.

Rannsóknirnar eru styrktar af Framleiðnisjóði landbúnaðarins, Rannís, Háskóla Íslands, Svissneska vísindasjóðnum og fleirum.



Þátttakendur í rannsóknum á sumarexemi á Keldum talið frá vinstri:

Guðmundur Einarsson bústjóri, Vilhjálmur Svansson dýralæknir, Mieke Roelse dýralæknanemi, Guðbjörg Ólafsdóttir líffræðingur, Sigurbjörg Þorsteinsdóttir ónæmisfræðingur, Þórunn Sóley Björnsdóttir lífeindafræðingur og Sigurður H. Helgason búfræðingur. Á myndina vantar Einar Jörundsson dýralækni. (Mynd: Hallgrímur Arnarson)

